


# Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2013



## Efnisyfirlit

Ávarp rektors .....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands.....	4
Auðlindadeild.....	5
Umhverfiseild .....	6
Starfs- og endurmenntunardeild.....	7
Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna .....	9
Kennslusvið.....	10
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2013 .....	12
Rannsóknasvið .....	14
Rekstrar- og þjónustusvið .....	18
Fjármál .....	19
Útgáfa.....	19
Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni.....	20
Starfsmenn .....	22
Brautskráning Lbhí í Reykholtskirkju 31. maí 2013 .....	24

## Ávarp rektors

Niúnda starfsár LbhÍ var viðburðaríkt. Einn markverðasti þáttur skólstarfsins á árinu 2013 var úttekt gæðaráðs háskólastigsins á faglegu starfi LbhÍ. Þessi úttekt var kynnt í september. Þetta var stór stund í sögu LbhÍ – og e.t.v. stærri en margir hafa gert sér grein fyrir, en í þessari skýrslu er trausti lýst á starfsemi skólans.

Nokkrum mánuðum fyrr hafði úttektarnefndin gefið starfi skólans góða einkunn í heild (*confidence*). Í niðurstöðum nefndarinnar komu einnig fram mjög gagnlegar ábendingar um þætti til úrbóta sem ætti að vera mögulegt að bregðast við þannig að gæði skólstarfsins geti aukist. Í niðurstöðum nefndarinnar eru auk þessa nefnd þrjú atriði (*contextual facts*) sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar starfsemi skólans er metin og möguleikarnir skoðaðir:

- Landbúnaðarháskóli Íslands hefur verið undirfjármagnaður allt frá árinu 2005. Þetta hefur staðið í vegi fyrir þróun stofnunarinnar og takmarkað möguleika hennar til að innleiða ráðleggingar sem fylgdu með viðurkenningum fræðsviða á sínum tíma.
- Landfræðilega dreifð starfsemi LbhÍ rímar vel við hlutverk stofnunarinnar en flækir engu að síður skipulag hennar.
- Smæð stofnunarinnar ásamt háu hlutfalli fjarnema veikir rekstur sumra námslína.

Það er ánægjulegt að minnst þess að í ársbyrjun var verkefni nemanda frá LbhÍ tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Þetta var verkefnið *Ströndin og skógurinn: Útivistarnotkun og sóknarfæri*, eftir Sindra Birgisson, nemanda í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í ársbyrjun var hafinn undirbúningur vegna Landsýnar, sem leysti af hólmi Fræðaping landbúnaðarins, en ráðstefnan var haldin í byrjun mars á Hvanneyri. Samhliða var ýtt úr vör vefritinu Skrínu.

Gerður var samningur við Veiðimálastofnun um aukna aðstöðu á Keldnaholti, einkum geymslurými. Þá var á árinu endurnýjaður samningur við atvinnuvegaráðuneytið um rannsóknir í landbúnaði.

Sjóðir í vörslu LbhÍ komu til umræðu á fyrstu yfirstjórnarfundum ársins 2013. Hér er um að ræða sjóði sem eru Minningarsjóður Hjartar og Ragnheiðar, Blikastaðasjóður, Sólveigarsjóður, Vigdísarsjóður og Framfarasjóður Ingibjargar og Þorvaldar í Síld og Fisk. Engar úthlutanir höfðu verið úr sjóðunum í nokkur undanfarin ár en við uppgjör kom í ljós staða þeirra hafði styrkst til muna og umtalsverðir fjármunir voru til úthlutunar. Síðar var ákveðið að gera átak í innkaupum á bókum til bókasafns LbhÍ sem fjármögnuð voru með framlögum úr Vigdísarsjóði og Sólveigarsjóði. Undir voru svo auglýstir styrkir úr minningarsjóði Hjartar og Ragnheiðar. Gengið var frá úthlutun úr minningarsjóðnum og styrkir síðan afhentir í ágúst. Alls fengu 8 meistaranemar styrk upp á kr. 500.000 hver.

Í apríl stóð votlendissetur LbhÍ fyrir opinni ráðstefnu á Hvanneyri í tilefni af skráningu Andakíls-friðlandsins hjá Ramsar en Votlendissetrið hafði unnið að tilnefningu þess um nokkurt skeið. Svæðið er sérstætt af Ramsarsvæðum á Íslandi, annars vegar hvað varðar fjölbreytileika votlendisvistgerða og hins vegar að starfstöð háskólans að Hvanneyri er staðsett í miðju friðlandinu sem gefur einstakt tækifæri til að samþætta bæði kennslu og rannsóknir í náttúrufræðum við friðun og framgang svæðisins.

Útskrift vorsins var fjölmenn, en á fimmta tug voru útskrifaðir úr starfsmenntadeild, 35 BS nemendur og tugur meistaranema. Nemendur úr garðyrkjudeildum eru útskrifaðir annað hvert ár; næst vorið 2014.

Verkefni skólans eru mýmörg, en gera má grein fyrir einu slíku sem er um margt einkennandi fyrir starfið. Á árinu gerðu Lbhí og Faxaflóahafnir með sér samkomulag um samstarf á sviði umhverfismála. Samkomulagið felur í sér samstarf þessara aðila um umhverfismál, skipulagsmál og landnýtingu. Meðal annars eru aðilar sammála um að eiga samstarf um endurheimt Katanestjarnar á Grundartanga, skógræktina á Grundartanga, umhverfismælingar á gæðum sjávar á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. auk fræðslu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Þá er opnað á þann möguleika að nemendur Lbhí geti unnið doktors- eða mastersverkefni um afmörkuð efni sem tengjast hafnarsvæðunum, en í Lbhí eru nemendur sem stunda nám um nýtingu auðlinda landsins, umhverfisfræði og skipulagsfræði, sem tengist með beinum hætti ýmsum verkefnum Faxaflóahafna sf. á sviði landmótunar, landþróunar, umhverfismála og skipulagsmála. Aðilar munu gera sérstakt samkomulag um hvert það verkefni sem ákveðið verður að vinna en óhætt er að segja að af nógu sé að taka. Verkefni af þessu tagi eru dýrmæt fyrir skólann, samfélagið og alla sem að þeim koma.

Á árinu var unnið að því að skapa auknar tekjur af nemendagörðum á sumrin með ferðaþjónustu. Gengið var til samninga við Kristján Karl Kristjánsson sem rekur Ferstiklu. Hann mun reka Hótelíð Sól næstu árin í hluta af nemendagörðunum. Þetta er mikilvægt skref í átt að aukinni ferðaþjónustu á Hvanneyri.

Lögum um opinbera háskóla var breytt á liðnu ári og taka breytingarnar gildi 1. júlí 2013. Hluti af nýjum veruleika er að Lbhí starfar nú eftir sömu lögum og aðrir opinberir háskólar í stað búnaðarfræðslulaga og ákvæða í lögum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem þar með voru felld úr gildi.

Á aprílfundi háskólaráðs var m.a. fjallað um samstarf háskólanna og nefnt sem dæmi að samstarfsnetið gengi vel. Á fundinum var mikið rætt um samstarf eða samvinnu við HÍ. Það var mál manna að skoða þyrfti tækifæri og ávinning af frekara samstarfi við HÍ. Á fundi háskólaráðs var samþykkt tillaga þess efnis að fram fari viðræður við Háskóla Íslands þar sem markvisst verði kannaðir möguleikar skólanna til samstarfs. Sérstök áhersla verði lögð á samstarf sem skilar faglegum ávinningi, nýjum tækifærum og öflugra starfi á fagsviðum Lbhí til framtíðar. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

Á árinu var mikið fjallað um framtíð Landbúnaðarháskóla Íslands en ljóst er að hann stendur á vissum krossgötum. Tækifæri þeirra fræðasviða sem hann hvílir á eru mörg og möguleikar til nýsköpunar miklir. Það þarf hins vegar að velja honum góða leið þannig að starfið megi áfram blómstra. Það er ósk okkar allra að það megi takast sem best.

*Ágúst Sigurðsson*

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Janúar til september 2013

**Ágúst Sigurðsson**, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

**Ásmundur Daði Einarsson**, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðherra. Varamaður hans er **Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**.

**Emma Eypórsdóttir**, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ. Varamaður hennar er **Auður Sveinsdóttir**.

**Haraldur Benediktsson**, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Varamaður hans er **Svana Halldórsdóttir**.

**Hrannar Smári Hilmarsson**, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefnd af stúdentaráði.

**Jón Torfi Jónasson**, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er **Rögvaldur Ólafsson**.

**Orri Páll Jóhannsson**, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra. Varamaður hans er **Sigríður Jóhannesdóttir**.

**Stefán Logi Haraldsson**, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Varamaður hans er **Stefán Kalmansson**.

**Þórhallur Bjarnason**, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Varamaður hans er **Sigurbjartur Pálsson**.

## Auðlindadeild

Viðfangsefni auðlindadeildar eru nýting landkosta og innlendra búfjárstofna til þess að framleiða matvæli og aðrar afurðir. Meginmarkmið deildarinnar eru að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 23 í árslok 2013 og inntu af hendi rúmlega 20 ársverk. Þeir búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu, m.a. á sviði erfðafræði, lífeðlisfræði, fódurfræði, grasafræði og bútækni.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni Lbhí og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Skráðir nemendur í BS-námi á haustönn 2013 voru 46 í búvísindum og 8 í hestafræði. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og stundar um tugur nemenda rannsóknatengt meistaranám. Doktorsnemar eru fjórir og vinna þeir að rannsóknum er tengjast búfé og jarðrækt.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fódur búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánú samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðarmikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Rannsóknaaðstaða í sameindaerfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjarkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fódur hámjólka kúa. Á árinu 2013 fór í gang viðamikil rannsókn á átgetu íslenskra mjólkurkúa á tilraunabúinu á Stóra-Ármóti í Flóahreppi. Árið 2012 hófst þriggja ára rannsóknaverkefni um áhrif flúors á búfé og gróður með styrk frá Norðuráli á Grundartanga. Nokkur verkefni eru í gangi tengd sauðfjárrækt, en skólinn hefur mjög góða aðstöðu til sauðfjárrannsókna á fjárræktarbúi skólans að Hesti í Borgarfirði.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

Auðlindadeild stóð að stórrí alþjóðlegri ráðstefnu fyrir hönd European Grassland Federation (EGF) á Akureyri 23.-26. júní. Þátttakendur voru um 200 og þótti ráðstefnan takast með afbrigðum vel.

Á árinu 2013 voru haldnir tveir deildarfundir (nr. 18 og 19), og 6 deildarráðsfundir.

*Jóhannes Sveinbjörnsson*

## Umhverfiseild

Umhverfiseild sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru leiðandi áherslur í öllu starfi deildarinnar. Nám í umhverfiseild skiptist í fjórar brautir; *umhverfisskipulag* sem Helena Guttormsdóttir veitir forstöðu; *náttúra og umhverfi* sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir leiðir; *landgræðsla og skógrækt* sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir og loks *skipulagsfræði* á MS stigi sem Sigríður Kristjánsdóttir veitir forstöðu. Undir náttúru og umhverfi er boðið upp á fjórar námsleiðir: *almenn náttúrufræði; náttúrunýting; náttúra og saga; og þjóðgarðar og verndarsvæði*.

Á árinu var haldinn einn deildarfundur (nr. 16) og 2 deildarráðsfundir (nr. 31 og 32), sem og einn vinnufundur deildar. Í deildarráði sátu, auk brautarstjóra og deildarforseta, Ragnar Frank Kristjánsson, Berglind Orradóttir og Jánngerður Grétarsdóttir. Margrét Á. Jónsdóttir var sem fyrr ritari deildar.

Á vormánuðum tók Halldóra Traustadóttir til starfa við deildina sem skrifstofustjóri Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en skólanum hefur vaxið fiskur um hrygg og nemendum fjölga ár frá ári. Í sumarbyrjun hóf Ragnhildur H. Sigurðardóttir störf á öðrum vettvangi og lét þar með af störfum sem forstöðumaður Votlendissetursins, en í framhaldi tók Ragnhildur H. Jónsdóttir við þeirri stöðu. Um haustið fór Úlfur Óskarsson í fjögurra mánaða rannsóknaleyfi, en það er í fyrsta sinn frá stofnun skólans að starfsmaður innan hans fer í slíkt leyfi. Starfsmenn deildarinnar voru 24 í árslok.

Í vorbyrjun var Andakílsfriðlandið endanlega samþykkt sem alþjóðlegt Ramsar-svæði, en Votlendissetrið hafði unnið að tilnefningu þess um nokkurt skeið. Svæðið er sérstætt af Ramsar-svæðum hér á landi, annars vegar hvað varðar fjölbreytileika votlendisvistgerða og hins vegar að starfstöð háskólans að Hvanneyri er staðsett í miðju friðlandinu sem gefur einstakt tækifæri til að samþætta bæði kennslu og rannsóknir í náttúrufræðum við friðun og framgang svæðisins.

Þátttaka Umhverfiseildar í alþjóðlegum ráðstefnum var fyrirferðarmikil á árinu en deildin kom beint eða óbeint að því að skipuleggja, í samvinnu við ýmsa aðila, eftirfarandi fjórar ráðstefnur: Ráðstefna SCS um *Soil Carbon Sequestration* (Reykjavík í maí); 50 ára afmælisráðstefna Surtseyjarfélagsins (Reykjavík í ágúst); 6<sup>th</sup> Nordic Planning Research Symposium (PLANNORD) í Reykjavík í ágúst; EGF Symposium 2013 á Akureyri í júní, en sú ráðstefna var skipulögð af auðlindadeild. Allar tókust þessar ráðstefnur með ágætum vel.

*Hlynur Óskarsson*

## Starfs- og endurmenntunardeild

### Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrúðgarðyrkju og ylærkt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2013 stundaði alls 51 nemandi nám á garðyrkjubrautum (í staðar- eða fjarnámi), þ.e. blómaskreytingum, garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylærkt og skrúðgarðyrkju og í búfræði voru alls 60 staðarnemendur og 22 fjarnemar. Í byrjun júní voru 47 nemendur brautskráðir úr búfræði. Engar útskriftir eru frá Reykjum á oddatöluárum.

Mikil aðsókn var í nám í búfræði haustið 2013. Yfir 70 umsóknir bárust í námið en einungis var hægt að veita 35 nemendum skólavist í staðarnámi. Í garðyrkjunni mætti 51 nemandi til leiks á haustönn.

Mikil vinna fór í það á starfsárinu að endurskoða námskrá garðyrkjubrauta LbhÍ, í kjölfar fyrri vinnu á skilgreiningu hæfnikrafna starfa og lærdómsviðmiða fyrir starfsmenntabrautirnar. Skólinn sendi námsskrána inn til menntamálaráðuneytisins í nóvember og sótti um leið um leyfi til að kenna samkvæmt námskránni frá og með haustinu 2014.

Starfs- og endurmenntunardeild LbhÍ tekur þátt í þróunarverkefni með Menntaskólanum í Borgarnesi með því að bjóða upp á nám til stúdentsprófs af búfræðisviði. Nemendur innritast í MB og stunda þar bóklegt nám í 2 ár. Taka síðan 2 ár í búfræði og útskrifast sem búfræðingar frá LbhÍ og stúdentar frá MB. Nemendur sem fara þessa leið þurfa að hafa umtalsverða reynslu af bústörfum. Alls komu 5 nemendur inn í búfræðinámið haustið 2013 eftir þessari leið.

Á vordögum lauk vinna við tvö þróunarverkefni sem starfs- og endurmenntunardeild vann með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fyrra verkefnið var þróun námsbrautar í lífrænni ræktun matjurta þar sem verkefnisstjóri var Gunnþór K. Guðfinnsson og seinna verkefnið var þróun náms fyrir meindýraeyða, verkefnisstjóri Guðrún Lárusdóttir. Þær tillögur sem komu fram að námi til lífrænnar ræktunar eru uppistaðan í nýrri námsbraut um lífræna ræktun matjurta sem stefnt er að því að bjóða upp á á Reykjum haustið 2014. Jafnframt er unnið að því að bjóða upp á námskeið fyrir meindýraeyða vorið 2014, byggt á niðurstöðum verkefnisins um þróun náms fyrir meindýraeyða. Þriðja verkefninu af þessu tagi, sem deildin tók þátt í að vinna, lauk einnig á árinu en þar var metin þörf fyrir nám í skógrækt, verkefnisstjóri Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Niðurstaða þess verkefnis var að hagsmunaaðilar vilja sjá nám fyrir starfsmenn í skógrækt með námslokum á hæfniþrepi 2. Þess má geta að hagsmunaaðilahópurinn var sammála um að velja starfsheitið skógarmaður á þann sem lýkur ofangreindu námi.

Alls voru 12 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2013, þar af 3 við endurmenntun.



## Endurmenntun Lbhí

Endurmenntun Lbhí hélt alls 102 námskeið árið 2013 með um 1400 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin á yfir 30 stöðum um allt land og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum Lbhí með einum eða öðrum hætti. Lögð hefur verið áhersla á námskeiðaraðir hjá endurmenntuninni. Árið 2013 voru alls 4 mismunandi námskeiðaraðir í boði, þ.e. Grænni skógar I og II, Reiðmaðurinn I/II og III. Alls voru 294 þátttakendur í námskeiðaröðunum, 104 í Grænni skógum I og II, 98 í Reiðmanninum I/II og 14 í Reiðmanninum III.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið með endurmenntun Lbhí að því að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufræðinga. Ýmiss konar tómsundanámskeið nutu einnig mikillar hylli á árinu, svo sem námskeið í gerð húsgagna úr skógarviði, torf- og grjóthleðsla og ostagerð, svo eitthvað sé nefnt.

Endurmenntun Lbhí tekur virkan þátt í erlendum samstarfsverkefnum. Má þar nefna Leonardo verkefnið Kraftmeiri skógar og Erasmus verkefnið *Teach me wood*.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunar vel á árinu þrátt fyrir þrengingar á markaði menntunar. Hópar sem hurfu frá endurmenntun á tímum efnahagshrunsins eru farnir að tínast inn aftur á námskeið en á móti fer þeim fækkandi sem leita í námskeið í tengslum við sína atvinnuleit.

*Guðríður Helgadóttir*

## Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Landgræðsluskólinn hefur verið starfræktur innan vébanda Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2007, fyrst sem þróunarverkefni utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins en árið 2010 varð Landgræðsluskólinn hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þá var undirritaður samningur milli Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, utanríkisráðuneytis og Háskóla Sameinuðu þjóðanna um samstarf og rekstur skólans. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (HSp) var stofnaður 1975 og samanstendur af 14 skólum og stofnunum víðs vegar um heiminn. Hlutverk HSp er að stuðla að lausnum á aðkallandi vandamálum sem herja á heiminn og íbúa hans með því að stunda rannsóknir, veita ráðgjöf og efla þekkingu. Rekstur Landgræðsluskóla HSp er fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu og er það hluti af framlagi íslenska ríkisins til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Meginmarkmið Landgræðsluskóla HSp er að aðstoða þróunarlönd sem glíma við mikla landhnignun með því að bjóða hingað til lands sérfræðingum frá samstarfsstofnunum skólans á sex mánaða námskeið í landgræðslu, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt vistkerfa. Námið byggir upp þekkingu í viðkomandi stofnunum og löndum og er ætlað að brjóta niður vítahring jarðvegs- og gróðureyðingar, ótryggt fæðuframboð og fátækt. Áhersla er einnig lögð á að auka tengslanet þátttakenda og að auka færni þeirra í að miðla þekkingu í rituðu og töluðu máli og tileinka sér sjálfstæði í vinnubrögðum og gagnrýna hugsun. Með því byggist upp færni fagfólks og stofnana í þróunarlöndum til að takast á við og leysa vandamál heima fyrir.

Samstarfslönd Landgræðsluskóla HSp eru nú orðin 10 og til þessa hefur 51 nemi útskrifast úr skólanum, 25 konur og 26 karlar frá löndum í Afríku og Mið-Asíu. Árið 2013 útskrifuðust 10 nemar úr skólanum, fimm konur og fimm karlar, frá Eþíópíu, Gana, Kirgistan, Mongólíu, Namibíu, Níger og Úganda. Lengst af voru fastir starfsmenn tveir við Landgræðsluskólann en sá þriðji var ráðinn á árinu 2013 samfara auknum umsvifum skólans. Auk þess kemur fjöldi starfsmanna frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins að starfi skólans ásamt fleiri sérfræðingum t.d. úr ráðuneytum og frá frjálsum félagasamtökum.

Landgræðsluskólinn er með heimasíðu ([www.unulrt.is](http://www.unulrt.is)) þar sem margvíslegar upplýsingar er að finna um starfsemi skólans, ársskýrslur og nýjustu fréttir. Þar er jafnframt tengiliður á Facebook síðu skólans (<https://www.facebook.com/unulrt>).



## Kennslusvið

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi háskólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

**Starfsmenn á kennslusviði 2013** voru þessir:

Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri  
 Björn Þorsteinsson aðstoðarrektr kennslumála –yfirmaður kennslusviðs  
 Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (75%) náms- og starfsráðgjafi  
 Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir alþjóðafulltrúi  
 Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) ritari/skólafulltrúi  
 Þórunn Reykdal verkefnisstjóri (50%, ECTS label)  
 Edda Þorvaldsdóttir verkefnisstjóri (10% fjarnám búfræði)  
 Grétar Einarsson prófgæsla (10%)

### Almennt

Innleidd var notkun hugbúnaðarins Turnitin í febrúar til þess að fylgjast með heimildanotkun í ritgerðum og verkefnum nemenda. Að fenginni nokkurri reynslu ákvað kennslunefnd, að allar prófritgerðir við skólann skuli kannaðar fyrir skil.

Alþjóðleg úttektarnefnd gæðaráðs íslenskra háskóla heimsótti skólann 10.-12. mars. Þann 12. september afhenti gæðaráðið svo matsskýrslu (Institution wide review report) í kjölfar sjálfsmats stofnunarinnar (Reflective analysis). Niðurstaða matsskýrslunnar var jákvæð og skólanum sýnt fullt traust í þeim meginþáttum sem metnir voru í skýrslunni.

Unnið var að svokallaðri ECTS label umsókn sem send var inn á árinu og í tengslum við þá vinnu var gerð allsherjar uppfærsla á enskri heimasíðu stofnunarinnar með áherslu á framsetningu upplýsinga um nám og þjónustu við nemendur.

Á vettvangi samstarfsnets opinberra háskóla var ákveðið að standa sameignlega að könnun á viðhorfi núverandi og fyrrverandi nemenda til náms og þjónustu skólanna við nemendur. Fyrstu niðurstaðna er að vænta á vormánuðum 2014.

### Náms- og starfsráðgjöf

Á vegum náms- og starfsráðgjafar voru veitt 78 viðtöl um námstækni, 65 um persónuleg málefni, 32 vegna námsvals, 30 um námsörðugleika og 8 um annað. Einnig voru kynningar fyrir alla nemendur fyrsta árs um námstækni, lestrar- og glósutækni og ýmis skemmri námskeið fyrir afmarkaða hópa um skyld efni. Skipulagðir voru fundir með búfræðikennurum um bætt verklag í kennslu. Námsráðgjafi annast yfirferð kennslumats allar námskeiða fyrir kennslusvið og annast framkvæmd viðhorfskannana innan skólans þegar þess gerist þörf auk annarra verkefna sem til falla.

## **Erlend samskipti**

Lbhí tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum Menntaáætlun Evrópusambandsins, Menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla er ekki falla undir þessar áætlanir. Árið 2013 fóru alls 11 nemendur frá Lbhí í skiptinám í 1-2 annir. Fyrir utan hefðbundið skiptinám þá fóru 2 nemendur á hraðnámskeið sem haldið var í Kaupmannahafnarháskóla í gegnum Nordplus verkefnið NORDNATUR.

Til Lbhí komu 4 skiptinemar á árinu frá Svíþjóð og Slóveníu. Það kom 20 nemenda hópur frá Ohio State University og tók þátt í sumarnámskeiði um náttúru, menningu og sögu Íslands undir leiðsögn eigin kennara og fulltrúa Lbhí.

Í september 2013 fóru 3 starfsmenn Lbhí út í viku á styrk í gegnum ERASMUS til háskólans í Árósum í Danmörku þar sem megin tilgangur ferðarinnar var að kynna kennsluskrifstofu skólans og hvernig háskólinn þar stóð að umsókn um ECTS label. Lbhí tók á mótum nokkrum kennurum og starfsmönnum erlendra menntastofnana frá Noregi, Litháen og Lettlandi.

Miklar breytingar voru samþykktar á innviðum samstarfsnets norrænu landbúnaðar- og dýralæknaháskólanna (NOVA) og ákveðið að einfalda skipulag netsins og draga úr sameiginlegum upphaldsstyrkjum doktorsnema sem sækja námskeið. Síðasti starfsfundur undir eldra skipulagi var haldinn á Hvanneyri og í Reykjavík í nóvember 2013.

*Björn Þorsteinsson*

## Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2013

<b>Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi</b>	Vigdís Anna Kolbeinsdóttir	Blómaskreytingabraut
	Anna Guðný Baldursdóttir	Búfræði
	Anna Kristín Svansdóttir	Búfræði
	Ágúst Þorkelsson	Búfræði
	Árni Jón Þórðarson	Búfræði
	Ásdís Helga Arnarsdóttir	Búfræði
	Ásta Þorsteinsdóttir	Búfræði
	Bergþór Steinar Bjarnason	Búfræði
	Bjarni Rúnarsson	Búfræði
	Brá Atladóttir	Búfræði
	Egill Gunnarsson	Búfræði
	Einar Freyr Elínarson	Búfræði
	Eyþór Karl Ingason	Búfræði
	Guðdís Jónsdóttir	Búfræði
	Guðrún Gísladóttir	Búfræði
	Gylfi Sigríðarson	Búfræði
	Haraldur Ívar Guðmundsson	Búfræði
	Heimir Klemenzson	Búfræði
	Helgi Elí Hálfðánarson	Búfræði
	Helgi Kristinn Kolbeins	Búfræði
	Helgi Már Ólafsson	Búfræði
	Helgi Eyleifur Þorvaldsson	Búfræði
	Hulda Jónsdóttir	Búfræði
	Jakob Arnar Eyjólfsson	Búfræði
	Jóhann Pétur Jensson	Búfræði
	Jóhann Ingi Þorsteinsson	Búfræði
	Jón Árni Magnússon	Búfræði
	Jóna Sigríður Guðmundsdóttir	Búfræði
	Kristín Ósk Matthíasdóttir	Búfræði
	Lilja Dögg Guðnadóttir	Búfræði
	Logi Sigurðsson	Búfræði
	Marteinn Óli Aðalsteinsson	Búfræði
	Marvin Einarsson	Búfræði
	Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Búfræði
	Óskar Már Jónsson	Búfræði
	Sara María Davíðsdóttir	Búfræði
	Sigríður Linda Þórarinsdóttir	Búfræði
	Sigurborg Hanna Sigurðardóttir	Búfræði
	Sigurður Heiðar Birgisson	Búfræði
	Snædís Anna Þórhallsdóttir	Búfræði
Úlfar Örn Hjartarson	Búfræði	
Anna Runólfsdóttir	Búfræði - fjarnám	
Gísli Friðjónsson	Búfræði - fjarnám	
Ingólfur Víðir Ingólfsson	Búfræði - fjarnám	
Kristín Jóhannsdóttir	Búfræði - fjarnám	
Páll Eggertsson	Búfræði - fjarnám	
Sigrún Eggertsdóttir	Búfræði - fjarnám	
Þuríður Guðmundsdóttir	Búfræði - fjarnám	
Bryndís Björk Reynisdóttir	Garðyrkjuframleiðsla	
Bryndís Edda Snorradóttir	Garðyrkjuframleiðsla	
Sólborg Ósk Kragh	Garðyrkjuframleiðsla	
Kristín Valtýsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla	

<b>Háskólanám</b>	Antonía Hermannsdóttir	BS	Búvísindi
	Ditte Clausen	BS	Búvísindi
	Guðfinna Lára Hávarðardóttir	BS	Búvísindi
	Guðrún Hildur Gunnarsdóttir	BS	Búvísindi
	Guðrún Jónsdóttir	BS	Búvísindi
	Guðrún Eik Skúladóttir	BS	Búvísindi
	Hermann Ingi Gunnarsson	BS	Búvísindi
	Hrannar Smári Hilmarsson	BS	Búvísindi
	Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir	BS	Búvísindi
	Sigríður Guðbjartsdóttir	BS	Búvísindi
	Sigrún Eva Helgadóttir	BS	Búvísindi
	Helga María Hafþórsdóttir	MS	Búvísindi
	Álfheiður Sverrisdóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Ásta Kristín Davíðsdóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Elsa Þorbjarnardóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Fjóla Veronika Guðjónsdóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Jóhanna Björg Jóhannsdóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Jónas Gunnlaugsson	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Kristín Sif Jónínudóttir	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Linda Björk Kvaran	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Maria Cecilie Wang	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Þorbjörg Sandra Bakke	BS	Náttúru- og umhverfisfræði
	Ásgeir Valdimar Hlinason	MS	Náttúra- og umhverfisfræði
	Brynja Davíðsdóttir	MS	Náttúra- og umhverfisfræði
	Lilja Jóhannesdóttir	MS	Náttúra- og umhverfisfræði
	Hraundís Guðmundsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Magnea Magnúsdóttir	MS	Landgræðslufræði
	Magnús Þór Einarsson	MS	Landgræðslufræði
	Else Möller	MS	Skógfræði
	Lilja Magnúsdóttir	MS	Skógfræði
	Sigríður Erla Elefsen	MS	Skógfræði
	Anna Katrín Svavarsdóttir	MS	Skipulagsfræði
	Aron Stefán Ólafsson	BS	Umhverfisskipulag
	Drífa Árnadóttir	BS	Umhverfisskipulag
Guðmundur Freyr Kristbergsson	BS	Umhverfisskipulag	
Heiðar Smári Harðarson	BS	Umhverfisskipulag	
Hrönn Valdimarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Katrín Pétursdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Tinna Rut Pétursdóttir	BS	Umhverfisskipulag	

## Rannsóknasvið

Haustið 2013 voru starfsmenn háskóladeilda við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 40, af 102 starfsmönnum á launaskrá, í um 43 stöðugildum eða um 47% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Próffessorar voru 9, dósentar 5 og lektorar 14. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Sérfræðingar voru 10 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Tæpur helmingur þessara starfsmanna er með doktorspróf.


1. tafla Starfsmenn í háskóladeildum við LbhÍ í árslok 2013 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Próffessorar (ásamt rektor)			9	<b>9</b>	100%
Dósentar	1	1	3	<b>5</b>	60%
Lektorar	2	9	3	<b>14</b>	21%
Fastráðnir stundakennarar	1	1	-	<b>2</b>	0
Sérfræðingar	3	6	1	<b>10</b>	10%
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>17</b>	<b>17</b>	<b>40</b>	
Hlutfall	14%	43%	43%		

Skólinn er með sérstakan samning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2013-2016. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stöðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í sex meginflokka sem eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi, Garðyrkja, Byggðapróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.*

Síðustu ár hefur rannsóknastarf skólans mótast af því að tekjur til rannsókna hafa dregist umtalsvert saman. Heildarvelta skólans dróst saman um 30% á árunum 2008-2012 og munaði þar mestu um að rannsóknasértekjur drógust saman um 54% á þessu tímabili. Ársverkum akademískra starfsmanna (próffessora, dósentar og lektora) fækkaði þannig úr 36,8 í 25,8 eða um 11. Heldur rofaði til í styrkveitingum Framleiðnisjóðs árið 2013 eftir að sjóðurinn fékk aukið framlag á fjárlögum og jukust sértekjur um 36% að raungildi frá árinu á undan (1. mynd).



1. mynd. Sértekjur Lbhí 2009-2013 og breyting milli ára.


Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 633 milljónir kr. á árinu 2013. Skólinn fékk 160,1 milljón kr. í gegnum samninginn við ANR. Því til viðbótar voru sértekjur um 103 milljónir kr. (2. tafla). Þar af komu um 9 milljónir kr. frá ANR þar sem skólanum var falið að sjá um úrvinnslu á búreikningum sem áður hafði verið á könnu Hagþjónustu landbúnaðarins en stofnunin var lögð niður í lok árs 2011. Þessi þjónusta hefur nú verið flutt yfir til Hagstofunnar. Vonir standa til að auka megi hagrannsóknir við skólann á næstu árum en enn hefur ekki verið gengið frá samningi við ráðuneytið um framtíðarfyrirkomulag þeirra mála. Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi mennta- og menningarmálaráðuneytis (MMR) til skólans. Stærstu málaflokkarnir eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi* en *Garðyrkja* hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hefur rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

2. tafla. Sértekjur Lbhí árið 2013.	Millj. kr.
<b>Frumframleiðsla og fæðuöryggi</b>	37,8
Sjálfbær nýting erfðauðlinda	
Hringrás næringarefna	
Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi	
Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir	
<b>Garðyrkja</b>	21,8
<b>Byggðaþróun og nýsköpun</b>	7,3
<b>Skógrækt og landgræðsla</b>	15,0
<b>Umhverfisrannsóknir</b>	12,0
<b>Hagfræði</b>	9,0
<b>Samtals</b>	<b>102,9</b>

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð á bls. 17.



Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og þar hafa birst um 15 greinar á ári undanfarin ár (2. mynd). Árið 2013 var hins vegar gjöfuga því þá urðu greinarnar 24. Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar Lbhí.



2. mynd. Fjöldi ritrýndra greina eftir fræðasviðum 2007-2013.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans. Haustið 2013 voru 8 doktorsnemar skráðir við skólann og meistaranemar voru samtals 51 (3. tafla). Á síðustu fjórum árum hafa 27 nemendur útskrifast með meistaragráðu, þar af 11 árið 2012, og einn nemandi útskrifaðist með doktorsgráðu 2010 – sá fyrsti í sögu skólans.

	Framhaldsnemar haust 2013	Útskrifaðir			
		2010	2011	2012	2013
M.Sc.	51	6	5	5	10
Ph.D.	8	1	-	-	-

## Helstu rannsóknaverkefni árið 2013

### Frumframleiðsla og fæðuöryggi

#### Sjálfbær nýting erfðaauðlinda

- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
- *In situ* varðveisla erfðaefnis í gömlum túnum
- Afkvæmarannsóknir sauðfjár á Hesti
- Uppruni íslenska hestsins
- Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenskum landnáms hænum
- Kynbótamat búfjár (BLUP-útreikn. fyrir BÍ)
- Kynbótamat bleikju
- Tengsl byggingar og hæfileika ísl. hrossa
- Viðhald kartöflustofna
- PPP bygg
- PPP rýgresi
- Nofocgran – norrænt rýgresi og rývingull
- Sameindakynbætur í byggi
- Misjafn sauður, hámerkun afurðaverðmæta
- Erfðabreytileiki sauðfjárstofna
- FornDNA

#### Hringrás næringarefna

- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)

- Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum

#### Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðsluferfi

- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
- Grasræktartilraunir og yrkisprófanir
- Vestnorrænar yrkisprófanir
- Vöxtur og þroski kvígna
- Markvissar fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda
- Jarðvinnsluaðferðir og bygg
- Langtímaáhrif mismunandi ræktunaraðferða

#### Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir

- Fóðrun áa
- Átgeta mjólkurkúa
- Fang gemlinga

### Garðyrkja

- Tómatar í ylrækt
- Ræktunartækni við berjaframleiðslu
- Yndisgarðar
- Skjólbeltarannsóknir
- Yrkisprófanir fyrir golfflatargrös
- Upphitun íþróttavalla
- Gróðurhús, lífrænn áburður
- Jarðarberjarkvi

### Byggðaþróun og nýsköpun

- Nýting lífræns úrgangs til orkuframleiðslu
- Eldsneyti úr innlendu hráefni
- Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu

- Ferðamannastaðir, skipulag, sjónræn áhrif
- Búsetulandslandslag á norðurslóð
- Borgarskógrækt
- Orkusetur
- Ræktunarland
- BofRA (NPP), Bioenergy and organic fertilizers in Rural Areas
- NPP – Cereal products in the North
- NORA – Northern Cereals
- Value Crop (NPP) – aukin verðmæti berja

### Skógrækt og landgræðsla

- Þróun vistkerfa við landgræðslu
- Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendisvæðum
- Notkun svarðlags vegna uppgræðslu
- Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
- Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag
- Landbætur á sandsvæðum
- Vistheimt á Norðurlöndum
- Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)
- Áhrif skógræktar á lekt C-sambanda, N og P með afrennsli
- CAR-ES - Norrænt öndvegissetur um rannsóknir á vistkerfisþjónustu skóga
- Fræslægja í Vatnajökulsþjóðgarði
- NUTR-CYCL (vistkerfi í skóglendi)
- ECONADA – (samstarf við Norðmenn)
- FSC-sink (The Forest Soil Carbon-sink Nordic Network)

### Umhverfisrannsóknir

- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabila í ofhitnun jarðstrengja
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Rannsóknir á vistkerfismyndun í Surtsey
- Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
- Langtímaumhverfisvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
- Sinubruni á Mýrum
- Mýrlendi á norðurslóðum
- Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
- Álkol – samstarf við Alcan um endurheimt votlendis
- Endurheimt vatna
- Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
- Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf
- Hafnarlíf
- Búland

## Rekstrar- og þjónustusvið

**Kennsluskrifstofa** sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skirteina, vottorða o.fl.

**Rekstrarskrifstofa** annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. **Kynningar- og tölvumál** heyrja einnig undir rekstrarsvið.

**Tölvuþjónusta** annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Þrír starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

**Bókasafnið** rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Tveir starfsmenn í hlutastarfi vinna við bókasafnið.

**Grímshagi ehf** er alfarið í eigu skólans og rekur búin á Hvanneyri og Hesti. Búreksturinn samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina. Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

### Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðræktar- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fôðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* var búrekstur á jörðinni lagður niður en hluti af húsakosti og landi hefur verið leigt út. Aðstaða er enn til jarðræktarrannsókna og eins er aðstaða í Eggertsfjosi enn nýtt til rannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fôðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylrækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna.

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

**Efnagreiningastofur** eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsóknastofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

## Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	527.608.501	487.663.708
Aðrar rekstrartekjur	32.250.562	31.421.224
<b>Tekjur samtals</b>	<b>559.859.063</b>	<b>519.084.932</b>
<b>Gjöld</b>		
Almennur rekstur	1.210.980.843	1.174.524.089
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.210.980.843</b>	<b>1.174.524.089</b>
Tekjur umfram gjöld	-651.121.780	-655.439.157
Framlag úr ríkissjóði	629.625.000	571.600.000
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>-21.496.780</b>	<b>-83.839.157</b>

## Útgáfa

**Rit Lbhí nr. 46.** Jólatrjáaráæktun á Íslandi. Elsa Möller, 2013, 26 bls.

**Rit Lbhí nr. 45.** Áhrif ljósstyrks, ágræðslu og umhverfis á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsátómata. Lokaskýrsla. Christina Stadler, 2013, 58 bls.

**Rit Lbhí nr. 44.** Jarðræktarrannsóknir 2012. Ritstjóri Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2013, 36 bls.

**Rit Lbhí nr. 43.** Áhrif ljósstyrks, rótarbeðsefnis, vökvunar og umhirðu á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsátómata. Christina Stadler, 2013, 58 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir

## Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni

Buckley, M., Fraser, S., Herman, J., Melton, N. D., Mulville, J., **Albína Pálsdóttir** (2013). Species identification of archaeological marine mammals using collagen fingerprinting. *Journal of Archaeological Science*. doi.org/10.1016/j.jas.2013.08.021.

**Ása L. Aradóttir**, Hagen, D. (2013). Ecological Restoration: Approaches and Impacts on Vegetation, Soils and Society. In: Sparks, D.L. (ed.), *Advances in Agronomy*, Academic Press, Elsevier Inc., 173–222.

**Ása L. Aradóttir** and **Guðrún Óskarsdóttir** (2013). The use of native turf-transplants for roadside revegetation in a subarctic area. *Icelandic Agricultural Sciences*, 26, 59-67.

**Ása L. Aradóttir**, **Pórunn Pétursdóttir**, Guðmundur Halldórsson, Kristín Svavarsdóttir, **Ólafur Arnalds** (2013). Drivers of ecological restoration—lessons from a century of restoration in Iceland. *Ecology and Society*, 18(4), 33.

Nilsson, C., **Ása L. Aradóttir** (2013). Ecological and Social Aspects of Ecological Restoration: New Challenges and Opportunities for Northern Regions. *Ecology and Society*, 18(4), 35.

Hagen, D., Kristín Svavarsdóttir, Nilsson, C., Tolvanen, A., Raulund-Rasmussen, K., **Ása L. Aradóttir**, Fosaa, A.M., Halldórsson, G. (2013). Ecological and social dimensions of ecosystem restoration in the Nordic countries. *Ecology and Society*, 18(4), 34.

Finn, J.A., Kirwan, L., Connolly, J., Sebastia, M.T., **Áslaug Helgadóttir**, Baadshaug, O.H., Bélanger, G., Black, A., Brophy, C., Collins, R.P., Čop, J., Sigríður Dalmannsdóttir, Delgado, I., Elgersma, A., Fothergill, M., Frankow-Lindberg, B.E., Golinski, P., Grieu, R., Gustavsson, A.M., Höglind, M., Huguenin-Elie, O., Jørgensen, M., Kadziulienė, Z., Lunnan, T., Malengier, M., Nykanen-Kurki, P., Porqueddu, C., Thumm, U., Lüscher, A. (2013). Ecosystem function enhanced by diversity of functional traits in intensively-managed grassland mixtures: a three-year continental-scale field experiment. *Journal of Applied Ecology*, 50, 365–375.

Sturludóttir, E., Brophy, C., Bélanger, G., **Áslaug Helgadóttir** (2013). Benefits of mixing grasses and legumes for biomass quantity and quality in Northern Europe and Canada. *Grass and Forage Science*. doi:10.1111/gfs.12037.

Guðmundur Halldórsson, **Bjarni D. Sigurðsson**, Brynja Hrafnkelsdóttir, Edda S. Oddsdóttir, Ólafur Eggertsson, Erling Ólafsson (2013). New pests on trees and shrubs and changes in pest dynamics: a review. *Icelandic Agricultural Sciences* 26, 69-84.

Sótt af: [http://www.ias.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/Attachment/Halldorsson%20et%20a%202013/\\$file/Halldorsson%20et%20a%202013.pdf](http://www.ias.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/Attachment/Halldorsson%20et%20a%202013/$file/Halldorsson%20et%20a%202013.pdf).

**Bjarni D. Sigurðsson**, **Bjarni E. Guðleifsson** (2013). Impact of afforestation on earthworm populations in Iceland. *Icelandic Agricultural Sciences*, 26, 21-36.

Sótt af: [http://www.ias.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/Attachment/Sigurdsson%20et%20a%202013/\\$file/Sigurdsson%20et%20a%202013.pdf](http://www.ias.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/Attachment/Sigurdsson%20et%20a%202013/$file/Sigurdsson%20et%20a%202013.pdf).

Rakel J. Jónsdóttir, **Bjarni D. Sigurðsson**, Lindström, A. (2013). Effects of nutrient loading and fertilisation at planting on growth and nutrient status of Lutz spruce (*Picea x lutzii*) seedlings during the first growing season in Iceland. *Scandinavian Journal of Forest Research*, 28(7), 631-641. doi:10.1080/02827581.2013.824503.

- Bjarni D. Sigurðsson**, Medhurst, J.L., Wallin, G., Ólafur Eggertsson, Linder, S. (2013). Growth of mature boreal Norway spruce was not affected by elevated [CO<sub>2</sub>] and/or air temperature unless nutrient availability was improved. *Tree Physiology* 33(11), 1192-1205. doi:10.1093/treephys/tpt043.
- Vesterdal, L., Clarke, N., **Bjarni D. Sigurðsson**, Gundersen, P. (2013). Do tree species influence soil carbon stocks in temperate and boreal forests? *Forest Ecology and Management*, 309(1), 4-18. doi.org/10.1016/j.foreco.2013.01.017.
- Brita Berglund**, Hallgren, L., **Ása L. Aradóttir** (2013). Cultivating Communication: Participatory Approaches in Land Restoration in Iceland. *Ecology and Society*, 18(2), 35. doi.org/10.5751/ES-05516-180235.
- Christina Stadler** (2013). Einfluss von Substrat, Veredelung und Bewässerung auf den Ertrag von Wintertomaten in Island. *DGG-Proceedings* 3(4), 1-5. doi: 10.5288/dgg-pr-03-04-cs-2013. (peer reviewed) Sótt af <http://www.dgg-online.org/proceedings/vol-03-2013/dgg-pr-03-04-cs-2013.pdf>.
- Bokhorst, S., Huiskes, A., Aerts, R., Convey, P., Cooper, E.J., Dalen, L., Erschbamer, B., **Jón Guðmundsson**, Hofgaard, A., Hollister, R.D., Johnstone, J., Jónsdóttir, I.S., Lebouvier, M., Van de Vijver, B., Wahren, C., Dorrepaal, E. (2013). Variable temperature effects of Open Top Chambers at polar and alpine sites explained by irradiance and snow depth. *Global Change Biology*, 19, 64-74. doi:10.1111/gcb.12028.
- Ólafur Arnalds** (2013). The influence of volcanic tephra (ash) on ecosystems. In: Sparks, D.L. (ed), *Advances in Agronomy* 121, 331- 380. Waltham, MA: Elsevier, Academic Press.
- Ólafur Arnalds**, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Jóhann Þórsson, **Pavla Dagsson-Waldhauserova**, Anna María Ágústsdóttir (2013). An extreme wind erosion event of the fresh Eyjafjallajökull 2010 volcanic ash. *Scientific Reports*, 3, 1257. doi:10.1038/srep01257.
- Ólafur Arnalds**, **Berglind Orradóttir**, **Ása L. Aradóttir** (2013). Carbon accumulation in Icelandic desert Andosols during early stages of restoration. *Geoderma*, 193-194, 172-179. doi.org/10.1016/j.geoderma.2012.10.018.
- Dagsson-Waldhauserova, P., Ólafur Arnalds**, Haraldur Ólafsson (2013a). Long-term frequency and characteristics of dust storm events in Northeast Iceland (1949-2011). *Atmospheric Environment*, 77, 117-127. doi.org/10.1016/j.atmosenv.2013.04.075.
- Dagsson-Waldhauserova, P., Ólafur Arnalds**, Haraldur Ólafsson (2013b). Long term dust aerosol production from natural sources in Iceland. *Journal of the Air & Waste Management Association*. doi:10.1080/10962247.2013.805703.
- Rasmussen, J., **Þórey Gylfadóttir**, Loges, R., Eriksen, J., **Áslaug Helgadóttir** (2013). Spatial and temporal variation in N transfer in grass-white clover mixtures at three Northern European field sites. *Soil Biology and Biochemistry*, 57, 654-662. doi.org/10.1016/j.soilbio.2012.07.004.
- Þórunn Pétursdóttir**, **Ása L. Aradóttir**, Karl Benediktsson (2013). An evaluation of the short-term progress of restoration combining ecological assessment and public perception. *Restoration Ecology* 21(1), 75-85. doi:10.1111/j.1526-100X.2011.00855.x.
- Þórunn Pétursdóttir**, **Ólafur Arnalds**, Baker, S., Montanarella, L., **Ása L. Aradóttir** (2013). A Social-Ecological System Approach to Analyze Stakeholders Interactions within a Large-Scale Rangeland Restoration programme. *Ecology and Society* 18(2), 29. doi.org/10.5751/ES-05399-180229.

## Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Albína Hulda Pálsdóttir	Sérfræðingur
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Auður Sveinsdóttir	Dósent
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B. Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Verkefnisstjóri
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektur rannsóknamála
Berglind Orradóttir	Lektor, Landgræðsluskóla Háskóla Sp
Birna Kristín Baldursdóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrektur kennslumála
Bragi Lindal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson	Aðstoðarmaður
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Eiður Guðmundsson	Verkefnisstjóri
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Elsa Albertsdóttir	Sérfræðingur
Emma Eyþórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Faney Ósk Gísladóttir	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Brynja Bárðardóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnar Reynisson	Kennari
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sp
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Ásgeirsson	Umsjónarmaður fasteigna
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Halldóra Traustadóttir	Skrifstofustjóri Landgræðsluskóla Háskóla Sp
Haukur Þórðarson	Kennari
Heiðar Örn Jónsson	Ræstitæknir
Heimir Gunnarsson	Verkefnisstjóri
Helena Guttormsdóttir	Lektor, brautarstjóri

Nafn	Starfsheiti
Helgi Gissurarson	Starfsmaður hestamiðstöðvar
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Dósent, deildarforseti
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður
Jóhanna M. Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent, deildarforseti
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Gíslason	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Dósent
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kári Aðalsteinsson	Garðyrkjustjóri
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Rekstrarstjóri
Lárus Stefán Ingbergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Magnus Göransson	Doktorsnemi
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Már Guðmundsson	Umsjónarmaður útisvæða
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor
Peik Malmo Bjarnason	Sérfræðingur
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Aðjúnt
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúnt
Sigríður Ása Guðmundsdóttir	Bókari
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor, brautarstjóri
Sigtryggur Veigar Herbertsson	Aðjúnt
Simon Arnar Pálsson	Aðstoðarmaður
Snorri Þorsteinsson	Rannsóknamaður
Svava Brynja Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Skólafulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Sérfræðingur
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Lektor
Þórir Freyr Flosason	Tölvumaður
Þórný Hlynisdóttir	Bókasafnsfræðingur
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Verkefnisstjóri



## Brautskráning Lbhí í Reykholtskirkju 31. maí 2013

### Ávarp rektors

#### Útskriftarnemar, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er níunda vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á þessu vori eru það 87 sem brautskrást – litlu færri en síðasta vor – en þá voru þeir fleiri en nokkru sinni, er nemendur útskrifuðust af öllum brautum skólans þ.m.t. garðyrkju á Reykjum og hestafræði með samstarfsskóla okkar á Hólum.

Aðsókn í skólann var góð, þótt hún hafi verið misjöfn eftir námsleiðum. Mikil eftirspurn var eftir starfsmenntanáminu og voru teknir inn 110 nemar í garðyrkju og búfræði. Alls voru á þessu skólaári 63 nemendur í framhaldsnámi við Lbhí, þar af er 31 nemandi í rannsóknamiðuðu mastersnámi, 25 í meistaranámi í skipulagsfræði og átta nemendur í doktorsnámi. Eru þá ótaldir allir BS nemar okkar; nemendur hjá Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og sá fjöldi sem sækir nám á vegum endurmenntunar skólans.

Á þessu vori bregður svo við að það stefnir í algjört met í umsóknum um skólavist hjá Landbúnaðarháskóla Íslands – sönnun þess að viðfangsefni skólans skipta miklu máli og hann hefur getið sér gott orð.

#### *„Skein yfir landi sól á sumarvegi“*

hugaði þjóðskáldið, sjálfsagt í ákveðinni geðshræringu, og hóf þannig eitt sitt mesta kvæði í hrifningu yfir fegurð íslenskrar náttúru á fyrri hluta nítjándu aldar. Að hrífast yfir einhverju er undursamleg tilfinning – hverjum manni nauðsyn til þess að öðlast lífsfyllingu – til að lifa í botn. Við hrífumst af fallettri list, snilld í ýmsum myndum, áræðni, kjarki, tilþrifum, glæsileika og þegar langþráðum áfanga er náð. Þannig hrífumst við svo sannarlega af þessum prúðbúna hópi nemenda sem hafa náð takmarki sínu og útskrifast hér í dag – gallvösk og tilbúin í næstu áskorun.

Svo virðist sem hafin sé ferð úr þeim efnahagslega öldudal sem vissulega hefur haft umtalsverð áhrif á íslenskt samfélag síðustu árin og er það gleðiefni.

Skiptir öllu að ferðin verði okkur hagfelld – því betur má ef duga skal.

Margir hafa farið úr landi á síðustu árum – leitað tækifæra erlendis – ólíklegt er að allir komi til baka þegar betur úr rætist þó svo að taugin sé römm. En staðreyndin er hins vegar sú að við þurfum á öllu okkar fólki að halda; Við þurfum á vel menntuðu, duglegu og hugmyndaríku fólki að halda til að byggja okkur upp – skapa störf og verðmæti – gott þjóðfélag. Það þarf því að tryggja þær aðstæður að fólk vilji búa hér og þeir sem fóru vilji allra helst snúa til baka.

Við hjá Lbhí teljum mikilvægt að bjóða fram á Íslandi nám á öllum stigum háskóla auk starfsmennta innan okkar sérsviðs en erum þess engu að síður eindregið fylgjandi að nemendur okkar leggi land undir fót – sigli – sækji sér menntun og kynnist öðrum háttum á erlendri grundu – slíkt er algjör nauðsyn og þjóðinni til hagsbóta þegar fram í sækir.

Að koma fólki til mennta og skapa því aðstæður hér heima fyrir þannig að hér sé ákjósanlegt að búa og starfa hlýtur að vera þjóðinni keppikefli – þeir sem sigli vilji aftur koma heim til starfa – og geti sagt með hrifningu líkt og Jónas Hallgrímsson lætur hinn frækna kappa mæla af sannfæringu í áður tilvitnuðu ljóði (Gunnarshólma):

*„Sá ég ei fyrr svo fagran jarðargróða,  
fénaður dreifir sér um græna haga,  
við bleikan akur rósinn blikar rjóða.  
Hér vil eg una ævi minnar daga...“*

Niunda skólaár Landbúnaðarháskóla Íslands var annasamt og viðburðaríkt. Síðasta sumar var undirritaður við hátíðlega athöfn í Skemmumni á Hvanneyri samningur um kennslu og rannsóknir milli ráðuneytis mennta- og menningarmála og LbhÍ. Þetta er að sjálfsögðu mikill áfangi enda hefur okkar skóli aldrei haft formlegan samning um starfsemina líkt og aðrir háskólar hafa haft. Samningurinn tekur m.a. á heildarfjölda nemenda og segir til um verkefni sem skólanum eru formlega falin og fjárframlög til þeirra.

Nú fyrir nokkrum dögum var síðan undirritaður sérstakur rannsóknasamningur til næstu 4 ára milli LbhÍ og ráðuneytis atvinnuvega- og nýsköpunar. Þessi samningur er kjölfestan í okkar rannsóknastarfi og afar mikilvægur.

Í lok síðasta árs skilaði LbhÍ ítarlegri sjálfsmatsskýrslu inn til Gæðaráðs íslenskra háskóla eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Starfsmenn og nemendur LbhÍ komu með virkum hætti að gerð skýrslunnar sem er mikilvægur liður í því ferli að auka gæði starfs okkar. Erlend sérfræðinganefnd gerði síðan viðamikla gæðaúttekt á starfi LbhÍ í byrjun mars sl. Niðurstöður sérfræðinganeftdarinnar liggja fyrir og í stuttu máli sagt getum við starfsmenn og nemendur LbhÍ verið ákaflega stolt af skólanum okkar. Úttektarnefndin gefur skólanum góða einkunn og lýsir yfir trausti á skólastarfinu. Í niðurstöðum nefndarinnar koma einnig fram mjög gagnlegar ábendingar um þætti til úrbóta sem ætti að vera mögulegt að bregðast við þannig að gæði skólastarfsins geti aukist.

Í niðurstöðum nefndarinnar eru auk þessa nefnd þrjú atriði, sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar starfsemi skólans er metin og möguleikarnir skoðaðir:

Í fyrsta lagi hafi LbhÍ verið undirfjármagnaður allt frá 2005. Það hefur staðið í vegi fyrir þróun stofnunarinnar og takmarkað möguleika hennar til að innleiða þær ráðleggingar sem fylgdu með viðurkenningum fræðasviða á sínum tíma.

Í öðru lagi þá rími hin landfræðilega dreifða starfsemi LbhÍ vel við hlutverk stofnunarinnar en flæki engu að síður skipulag hennar.

Og í þriðja lagi þá veiki smæð stofnunarinnar ásamt háu hlutfalli fjarnema rekstur sumra námslína.

Gæðaúttektin er geysilega verðmætt innlegg í vinnu okkar við m.a. stefnumörkun til næstu ára sem nú liggur fyrir að vinna.

Á síðustu þingdögum Alþingis nú í vetur var samþykkt breyting á lögum um opinbera háskóla. Þetta eru allnokkur tíðindi fyrir LbhÍ sem frá og með 1. júlí n.k. fellur undir sömu lög og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Hólaskóli. Samhliða falla niður lög um búnaðarfræðslu og stoð okkar í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þessi breyting markar vissulega tímamót fyrir laga-umgjörð starfseminnar en fyrsta ápreifanlega breytingin er sú að skipað verður nýtt háskólaráð með frábrugðnum hætti frá því sem verið hefur. Ráðið verður nú skipað sex fulltrúum auk rektors þar sem tveir fulltrúar eru tilnefndir af svokölluðum háskólafundi; einn fulltrúi tilnefndur af heildar-samtökum nemenda við háskólann; einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra mennta- og menningar og tveir fulltrúar

tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði. Gert er ráð fyrir að nýtt háskólaráð taki til starfa þann 1. október nk. Vil ég nota þetta tækifæri og bera fráfarandi háskólaráði þakkir fyrir öflugt starf í þágu Landbúnaðarháskóla Íslands á umliðnum árum.

Í tengslum við það að búfræðslulög falla brott hefur háskólaráð ályktað að settur verði á stofn starfshópur sem fjalli sérstaklega um stöðu starfsmenntanámsins innan LbhÍ og vinni að því að tryggja framtíð þess sem best, m.a. með hliðsjón af nýju lagaumhverfi. Skoða þurfi innihald námsins og stöðu þess innan skólans jafnt sem skólakerfisins. Þá þurfi að tryggja sérstaklega fjármögnun til námsins og gera um það sérstakan samning við menntamálaráðuneytið svo sem kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi vinna er þegar komin á skrið. Þess má geta að spennandi þróunarverkefni í starfsmenntanami fóru af stað á skólaárinu. Þannig veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið skólanum sérstakan styrk til að þróa námsbraut á starfsmenntastigi í lífrænni ræktun matjurta og síðasta haust var gerður samstarfssamningur við Menntaskóla Borgarfjarðar um tilraunakennslu í náttúrufræði með búfræðisviði til stúdentsprófs. Þannig er ákveðnum fjölda nemenda menntaskólans tryggt pláss í búfræðinámi við LbhÍ. Þegar þeir ljúka námi héðan þá útskrifast þeir annars vegar sem búfræðingar frá LbhÍ og hins vegar með stúdentspróf frá MB.

Þetta verkefni hefur þegar vakið mikla athygli og hafa fleiri framhaldsskólar á landsbyggðinni sýnt áhuga á svona samstarfi.

Nokkur reynsla er nú komin á Samstarfsnet opinberu háskólanna, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Hólaskóla og LbhÍ. Netið hefur skilað ágætum árangri svo langt sem það nær. Má þar nefna hvata- og þróunarstyrki á sviði náms og kennslu, innleiðingu nýrra gagnavistunar- og kennslukerfa í öllum skólunum; samningur um gagnkvæman aðgang nemenda milli skóla, samning um samnýtingu kennsluskyldu fastra kennara milli skóla og sameiginlegar ráðningar svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá hefur á grundvelli samstarfsins og fyrir tilstyrk þess fjármagns sem stjórnvöld leggja til þess nú verið komið upp mjög fullkomnum fjarfundabúnaði á starfsstöðvum LbhÍ. Þá má einnig nefna að á síðasta ári var gerður mikilvægur samstarfssamningur við Háskóla Íslands um doktorsnám þar sem kveðið er á um formleg tengsl LbhÍ við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands og samvinnu skólanna um doktorsnám. En við viljum gjarnan kanna möguleika til enn stærri skrefa í samvinnu. Á síðasta fundi háskólaráðs var því ákveðið að ganga til viðræðna við HÍ þar sem markvisst verði kannaðir möguleikar skólanna til enn frekara samstarfs. Sérstök áhersla verði lögð á samstarf sem skilar faglegum ávinningi, nýjum tækifærum og öflugra starfi á fagsviðum LbhÍ til framtíðar, eins og segir í bókun frá fundi ráðsins. Þessi vinna er komin á ágætan skrið.

### **Ágætir tilheyrendur:**

Eitt meginmarkmið menntunar er að fólk átti sig á að henni lýkur aldrei. Annað markmið menntunar er að fólk sjái samhengi hlutanna.

Að byggja í réttri röð – huga að traustum grunni – að eitt leiði af öðru. Þannig eru vísindin – við söfnum þekkingu í sarpinn.

Hinn heimsþekkti lífeðlisfræðingur Ivan Pavlov sagði að fólk yrði að kynna sér nákvæmlega allar undirstöður vísindanna, áður en það færi að hugsa til þess að klífa hærra. „Byrja þú aldrei á því *næsta*, fyrr en þú hefur *hið fyrra* fullkomlega á valdi þínu. ... Staðreyndirnar eru lífsloft vísindanna. Án þeirra getur vísindamaðurinn aldrei hafið sig til flugs. En á meðan þú ert að nema, athuga og gera tilraunir, þá láttu þér ekki nægja yfirborð hlutanna. Láttu þér ekki nægja að vera skrásetjari staðreyndanna, en reyndu að skyggjast undir yfirborðið til þess að sjá hið leyndardómsfulla upphaf þeirra.“ Sjálfur fylgdi Pavlov þessum orðum sínum samviskusamlega í sínum vísindastörfum allt til síðustu stundar.

Þetta á við um menntun og það sama á við um rannsóknir – þess vegna eru vísindi í eðli sínu alltaf alþjóðleg – við byggjum nýja þekkingu á þeirri þekkingu sem fyrir er – finnum ekki upp hjól í sífellu heldur nýtum okkur staðreyndir um eðli hjólsins og hvernig megi nýta það í stærra samhengi.

Þess vegna eru menntun og rannsóknir mikilvægir þættir í markvissri uppbyggingu þjóðfélagsins – til að virkja hugmyndir – til að skapa störf.

Þess vegna er mikilvægt að huga náið að gæðum náms og rannsókna.

Staðreyndirnar eru lífsloft vísindanna, sagði hér að framan en við megum þó ekki gleyma öðrum þáttum sem líka skipta máli, hrifningunni, hinu listræna sjónarhorni, sem fylgir ekki endilega línuritum og ákveðnum formúlum.

Þetta allt veit ungt fólk, fólk sem er að byggja sína framtíð – og þess vegna fjölgar meðal annars umsóknum um nám við Landbúnaðarháskóla Íslands – nú sem aldrei fyrr!

### **Kæru tilheyrendur:**

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólaráði, hollvinum og öllum samstarfsaðilum frábært starf á liðnu skólaári.

Starfsmenn kveðja og nýir koma til starfa. Lbhí hefur ávallt verið heppinn með sitt starfsfólk, duglegt og ósérhlífið, sem hefur borið hag skólans fyrir brjósti.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að færa öllum velunnurum skólans góðar kveðjur og þakkir.

Þá vil ég fyrir hönd starfsmanna Landbúnaðarháskóla Íslands færa útskriftarnemum og fjölskyldum þeirra innilegar heillaóskir.

### **Kæru útskriftarnemar:**

Davíð Stefánsson kvað í Morgunstund:

*Alstaðar leiftrar lífið,  
í lofti, jörð og sæ.  
Sólbrimið flæðir um fjörðinn  
og fjallanna jökulsná.  
Lifandi kjarna leynir  
hvert lítið moldarfræ.*

Þegar við göngum út á tröppur kirkjunnar hér í Reykholti sjáum við glögg að „alstaðar leiftrar lífið“ það beinlínis kallar á krafta ykkar.

Þær leiðir sem þið farið að loknum þessum degi eru trúlega jafn ólíkar og þið eruð mörg. Sum munið halda áfram skólanámi en önnur halda rakleiðis á vinnumarkaðinn. Útskrifaðir nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands hafa getið sér gott orð hvort heldur sem er í framhaldsnámi eða atvinnu. Við höfum heyrt frá erlendum háskólum að okkar fólk komi vel undirbúið til framhaldsnáms og sama gildir um þá sem halda út í atvinnulífið með þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér innan veggja Lbhí. Atvinnurekendur eru ánægðir með okkar fólk. Auðvitað skiptir þetta máli og gleður þá sem starfa við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Landbúnaðarháskóli Íslands byggir á traustum stöðum og frá skólanum hafa útskrifast þúsundir einstaklinga sem sannarlega hafa lagt sitt af mörkum til íslensks samfélags. Þið eruð nú hluti af þessum hópi.

### **Til hamingju!**

*Ágúst Sigurðsson*